

# Lög

## um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur (mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu).

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

##### 1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögumum bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 62. gr. skulu bætur samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 1. mgr. 14. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, hækka um 2,5% frá 1. júlí 2023.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016.

##### 2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:  
Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 30. gr. skal við útreikning húsnæðisbóta vegna leigu á íbúðarhúsnæði á árinu 2023 lækka grunnfjárhæð húsnæðisbóta um fjárhæð sem nemur 11% af samanlögðum árstekjum heimilismanna, 18 ára og eldri, umfram eftirfarandi frítekjumörk sem miðast við greiðslur húsnæðisbóta fyrir heilt almanaksár og taka mið af fjölda heimilismanna óháð aldri eftir stuðlum skv. 1. mgr. 16. gr.:

Fjöldi heimilismanna	Frítekjumörk m.v. árstekjur 2023
1	5.388.983 kr.
2	7.127.364 kr.
3	8.344.232 kr.
4 eða fleiri	9.039.585 kr.

Frítekjumörk skv. 1. mgr. skulu gilda afturvirkir frá 1. janúar 2023 fyrir árið í heild. Endur-reikningi og leiðréttingu húsnæðisbóta til bráðabirgða fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2023 vegna afturvirkrar hækkunar frítekjumarka samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir 1. október 2023. Um endurreikning og leiðréttingu húsnæðisbóta fer að öðru leyti skv. 25. og 26. gr.

2

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 9. júní 2023.*